

Fimmtudaginn 21. janúar 1999.

Nr. 249/1998.

Hitaveita Suðurnesja

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Sævari Sörenssyni

(Gestur Jónsson hrl.)

Opinberir starfsmenn. Kjarasamningur. Vinnusamningur.

S krafði H, fyrrverandi vinnuveitanda sinn, um vangoldin laun og orlofslaun sem hann taldi vera mismun greiðslna sem honum bar samkvæmt kjarasamningi og þeirra greiðslna sem hann hafði fengið. Talið var fullsannað að S hefði innt af hendi þá vinnu sem hann krafðist greiðslna fyrir og að kröfurnar hefðu stoð í kjarasamningi. Þó að tæplega þrjú ár liðu frá því að S óskaði eftir hækkun á greiðslum til sín þar til að krafan var útrekuð þótti hann ekki hafa sýnt slíkt tómlæti gagnvart vinnuveitanda sínum að krafan félli niður. Því var H dæmdur til að greiða S mismun greiðslna sem honum bar samkvæmt kjarasamningi og greiðslna sem hann hafði fengið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 11. júní 1998 og krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann að kröfur stefnda verði lækkaðar og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 2.096.586 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 15. júlí 1993 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um vangoldin laun og orlofslaun vegna svonefndrar kerfisgæslu á tímabilinu frá júlí 1993 til og með nóvember 1996. Kveður hann stefnuþjárhæð vera mismun greiðslna,

sem honum bar að fá samkvæmt kjarasamningi og þeirra greiðslna, sem hann fékk í raun á tímabilinu.

Um eða eftir mitt ár 1985 tók áfrýjandi við rekstri nokkurra rafmagnsveitna, sem starfað höfðu á Suðurnesjum og 1. janúar 1986 tók hann við aðveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins á þessu svæði. Var stefndi meðal þeirra starfsmanna, sem fluttust frá rafmagnsveitum í héraðinu og tóku við starfi hjá áfrýjanda. Í ársbyrjun 1986 var komið á svonefndri kerfisgæslu í nýstofnaðri rafmagnsdeild áfrýjanda. Kerfisgæslan var falin Jóhanni Líndal Jóhannssyni, rekstrarstjóra háspennudeildar og stefnda, sem var rekstrarstjóri lágspennudeildar. Skiptu þeir gæslunni jafnt með sér frá upphafi þangað til 1. nóvember 1996.

II.

Samkvæmt framburði Þorsteins Sigurjónssonar, sem mun hafa verið forstöðumaður rafmagnsdeildar áfrýjanda á árunum 1985 til 1987, og var yfirmaður rekstrarstjóranna, önnuðust þeir kerfisgæsluna í öllum aðalatriðum í samræmi við skjal, sem Þorsteinn ritaði 28. mars 1986. Hreinn Jónasson, sem tók við stöðu forstöðumanns rafmagnsdeildar áfrýjanda af Þorsteini, bar einnig fyrir dómi að stefndi og áður nefndur Jóhann hafi unnið eftir fyrirkomulagi kerfisvakta.

Fyrirsögn skjalsins frá 28. mars 1986 er „Tillaga – Kerfisgæsla Hita-veitu Suðurnesja“. Meginefni skjalsins er rakið í héraðsdómi. Kemur þar meðal annars fram að kerfisgæslumaður skuli, ef aðveitukerfi bilar utan venjulegs vinnutíma, einn stjórna og bera ábyrgð á aðgerðum og öll samskipti fara „í gegnum hann“. Þar segir einnig, að sá, sem annast kerfisgæslu, skuli vera tiltækur á veitusvæði áfrýjanda og hafi með sér talstöð stillta á nánar tiltekna tíðni. Skuli hann vera reiðubúinn til að hefja aðgerðir, þegar honum sé tilkynnt um rafmagnsleysi.

Einnig liggja fyrir starfslýsingar fyrir rekstrarstjóra háspennudeildar og stefnda frá 4. nóvember 1987. Í hinni fyrrnefndu segir meðal annars, að rekstrarstjóri háspennudeildar sé „á stanslausum bakvöktum á móti rekstrarstjóra lágspennudeildar. Kerfisvakt“. Þar er og tekið fram, „að engir aðrir megi setja í gang eftir rafmagnsleysi eða slá inn háspennurofa“. Í starfslýsingu stefnda er ekki ákvæði samhljóða því, sem nú var rakið. Hins vegar segir þar: „Kerfisvakt á móti rekstrarstjóra háspennudeildar.“ Auk undirskrifa hvors rekstrarstjóra um sig eru starfslýsingarnar undirritaðar JJJ, sem ágreiningslaust er að eigi að merkja

upphafsstafi í nafni Júlíusar Jónssonar, þáverandi fjármálastjóra og nú forstjóra áfrýjanda.

Af framangreindu og öðrum gögnum í málinu, meðal annars skrár yfir kerfisvaktir rafmagns árin 1993, 1995 og 1996, verður að telja fullsannað, að stefndi hafi innt af hendi kerfisgæslu þá, sem um er deilt í málinu.

Umrætt starf stefnda utan venjulegs vinnutíma er í fyrrnefndu skjali frá 28. mars 1986 nefnt kerfisgæsla, en kerfisvakt í starfslýsingu fyrir hann 4. nóvember 1987. Í starfslýsingu fyrir rekstrarstjóra háspennudeildar, sem vísað er til í starfslýsingu stefnda, er sams konar starf nefnt bakvaktir. Ljóst er af framangreindu, að í kerfisgæslu eða kerfisvakt fólst, að stefnda var skylt að vera tiltækur utan venjulegs vinnutíma á veitusvæði áfrýjanda og viðbúinn að sinna kalli, ef þess gerðist þörf. Þykir grein 1.6 í kjarasamningi Starfsmannafélags Suðurnesjabyggða og launanefndar sveitarfélaga taka samkvæmt orðanna hljóðan til umdeilds vinnuframlags stefnda, en í ákvæði þessu segir, að vaktaálag sé greitt til þeirra starfsmanna, sem vinna „vaktavinnu, bakvaktir og aðra vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils en er hluti vikulegrar vinnuskyldu“. Var áfrýjanda því skylt að greiða stefnda álag eftir reglum, sem nánar getur í grein 1.6 í kjarasamningnum.

III.

Stefndi og Jóhann Líndal Jóhannsson leituðu seint á árinu 1993 til fyrrnefnds forstöðumanns rafmagnsdeildar áfrýjanda og óskuðu eftir hækkun á greiðslum til sín vegna bakvakta. Sýndu þeir honum bréf dagsett 9. desember 1993, þar sem þeir fóru fram á „leiðréttingu á bakvaktarlaunum“, sem reiknuð yrðu aftur í tímann. Bréfið undirrituðu þeir ekki, en nöfn þeirra voru vélrituð undir það. Forstöðumaðurinn skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hafi minnst á þessa kröfu stefnda og Jóhanns við yfirmenn áfrýjanda, en ekkert hafi verið frekar gert í málinu. Hvorki verður séð, að af hálfu stefnda hafi bréf þetta verið ítrekað né formlega krafist breytinga á greiðslum fyrir kerfisgæslu eða bakvaktir fyrr en með bréfi Starfsmannafélags Suðurnesjabyggða til áfrýjanda 8. október 1996.

Þótt þá hafi verið liðin tæplega þrjú ár síðan áður nefnt bréf til forstöðumanns rafmagnsdeildar áfrýjanda var ritað, þykir stefndi ekki hafa sýnt slíkt tómlæti gagnvart vinnuveitanda sínum, að hann glati rétti

til að hafa uppi kröfur þær, sem hann gerir í þessu máli, en þær varða eins og fyrr greinir tímabilið frá júlí 1993 til og með nóvember 1996. Þarf þá ekki að taka afstöðu til annarra raka, sem stefndi hefir borið fram gegn því að tómlæti geti skipt hér máli.

IV.

Ágreiningslaust er að stefndi tók laun eftir 7. launaþrepi kjarasamninga. Fyrir Hæstarétti styður áfrýjandi varakröfu sína við, að útreikningur aðalkröfu stefnda sé miðaður við 7. launaþrep gagnstætt reglu í grein 1.6.1 kjarasamnings, sem á við í málinu. Þar segir, að vaktálag fyrir hverja klukkustund skuli vera nánar tiltekinn hundradshluti „af dagvinnukaupi í 64. lfl. 5. þrepi skv. gr. 1.4.1. eða í þeim launaflokki, sem viðkomandi starfsmanni er raðað í sé hann hærri ...“.

Í tilvitnuðu ákvæði greinar 1.4.1, sem fjallar um ákvörðun tímakaups fyrir dagvinnu, er hins vegar sú regla að kaup skal miða við 5. launaþrep eða „í því launaþrepi sem viðkomandi starfsmanni er raðað í sé það hærri“. Ekki hefur komið fram hvers vegna samræmis gætir ekki í ákvæðum þessum um hámarksviðmiðun. Hefur stefndi ekki fært fram nægileg rök fyrir því, að umdeilt ákvæði greinar 1.6.1 skuli skýrt andstætt hljóðan þess. Er því fallist á með áfrýjanda, að miða beri greiðslur til stefnda við 5. þrep í launaflokki hans. Verður því tekin til greina varakrafa stefnda, sem miðuð er við 5. þrep og rakin er í héraðsdómi, enda hefur útreikningur hennar ekki verið vefengdur af áfrýjanda.

Krafa áfrýjanda um að upphaf dráttarvaxta skuli miðað við síðara tímamark en stefndi krefst var ekki höfð uppi í héraði og kemur hún því ekki til álita gegn mótmælum stefnda.

Samkvæmt framangreindu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 2.096.586 krónur með dráttarvöxtum, sem nánar eru greindir í dómsorði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Hitaveita Suðurnesja, greiði stefnda, Sævari Sörensyni, 2.096.586 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum

nr. 25/1987 af 48.949 krónum frá 15. júlí 1993 til 15. ágúst 1993, en af 85.948 krónum frá þeim degi til 15. september 1993, af 120.961 krónu frá þeim degi til 15. október 1993, af 155.974 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1993, af 200.547 krónum frá þeim degi til 15. desember 1993, af 236.315 krónum frá þeim degi til 31. desember 1993, af 264.211 krónum frá þeim degi til 15. febrúar 1994, af 300.298 krónum frá þeim degi til 15. mars 1994, af 336.385 krónum frá þeim degi til 15. apríl 1994, af 372.472 krónum frá þeim degi til 1. maí 1994, af 435.808 krónum frá þeim degi til 15. maí 1994, af 505.417 krónum frá þeim degi til 15. júní 1994, af 549.030 krónum frá þeim degi til 15. júlí 1994, af 589.213 krónum frá þeim degi til 15. ágúst 1994, af 625.300 krónum frá þeim degi til 15. september 1994, af 661.387 krónum frá þeim degi til 15. október 1994, af 699.522 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1994, af 745.463 krónum frá þeim degi til 15. desember 1994, af 785.646 krónum frá þeim degi til 31. desember 1994, af 844.915 krónum frá þeim degi til 15. febrúar 1995, af 881.812 krónum frá þeim degi til 15. mars 1995, af 917.899 krónum frá þeim degi til 15. apríl 1995, af 956.033 krónum frá þeim degi til 1. maí 1995, af 1.023.313 krónum frá þeim degi til 15. maí 1995, af 1.085.761 krónu frá þeim degi til 15. júní 1995, af 1.132.247 krónum frá þeim degi til 15. júlí 1995, af 1.173.730 krónum frá þeim degi til 15. ágúst 1995, af 1.212.981 krónu frá þeim degi til 15. september 1995, af 1.254.231 krónu frá þeim degi til 15. október 1995, af 1.299.946 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1995, af 1.347.893 krónum frá þeim degi til 15. desember 1995, af 1.391.608 krónum frá þeim degi til 31. desember 1995, af 1.441.019 krónum frá þeim degi til 15. febrúar 1996, af 1.481.282 krónum frá þeim degi til 15. mars 1996, af 1.521.545 krónum frá þeim degi til 15. apríl 1996, af 1.569.686 krónum frá þeim degi til 1. maí 1996, af 1.641.743 krónum frá þeim degi til 15. maí 1996, af 1.691.055 krónum frá þeim degi til 15. júní 1996, af 1.756.905 krónum frá þeim degi til 15. júlí 1996,

af 1.800.765 krónum frá þeim degi til 15. ágúst 1996, af 1.844.626 krónum frá þeim degi til 15. september 1996, af 1.897.944 krónum frá þeim degi til 15. október 1996, af 1.949.028 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1996, af 2.000.379 krónum frá þeim degi til 15. desember 1996, en af 2.096.586 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 3. apríl 1998.

Ár 1998, föstudaginn 3. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-919/1997: Sævar Sörensson gegn Hitaveitu Suðurnesja.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. mars sl., var þingfest 24. september 1997. Stefnandi er Sævar Sörensson, kt. 201035-4739, Faxabraut 55, Keflavík. Stefndi er Hitaveita Suðurnesja, kt. 680475-0169, Brekkustíg 36, Njarðvík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda vangoldin laun og orlof að fjárhæð kr. 2.344.604,- með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 54.035,- frá 15.07.93 til 15.08.93 en af kr. 96.120,- frá þ.d. til 15.09.93 en af kr. 135.941,- frá þ.d. til 15.10.93 en af kr. 175.762,- frá þ.d. til 15.11.93 en af kr. 226.433,- frá þ.d. til 15.12.93 en af kr. 267.565,- frá þ.d. til 31.12.93 en af kr. 301.451,- frá þ.d. til 15.02.94 en af kr. 342.498,- frá þ.d. til 15.03.94 en af kr. 383.545,- frá þ.d. til 15.04.94 en af kr. 424.592,- frá þ.d. til 01.05.94 en af kr. 490.017,- frá þ.d. til 15.05.94 en af kr. 567.147,- frá þ.d. til 15.06.94 en af kr. 616.816,- frá þ.d. til 15.07.94 en af kr. 662.533,- frá þ.d. til 15.08.94 en af kr. 703.580,- frá þ.d. til 15.09.94 en af kr. 744.627,- frá þ.d. til 15.10.94 en af kr. 788.009,- frá þ.d. til 15.11.94 en af kr. 840.242,- frá þ.d. til 15.12.94 en af kr. 885.959,- frá þ.d. til 31.12.94 en af kr. 951.495,- frá þ.d. til 15.02.95 en af kr. 993.352,- frá þ.d. til 15.03.95 en af kr. 1.034.399,- frá þ.d. til 15.04.95 en af kr. 1.056.109,- frá þ.d. til 01.05.95 en af kr. 1.131.855,- frá þ.d. til 15.05.95 en af kr. 1.202.089,- frá þ.d. til 15.06.95 en af kr. 1.254.655,- frá þ.d. til 15.07.95 en af kr. 1.301.405,- frá þ.d. til 15.08.95 en af kr. 1.345.635,- frá þ.d. til 15.09.95 en af kr. 1.392.100,- frá þ.d. til 15.10.95 en af kr. 1.443.606,- frá þ.d. til 15.11.95 en af kr. 1.497.632,- frá þ.d. til 15.12.95 en af kr. 1.546.902,- frá þ.d. til 31.12.95 en af kr. 1.602.552,- frá þ.d. til 15.02.96 en af kr. 1.647.794,- frá þ.d. til 15.03.96 en af kr. 1.693.036,- frá þ.d. til 15.04.96 en af kr. 1.747.493,- frá þ.d. til 01.05.96 en af kr. 1.825.874,- frá þ.d.

til 15.05.96 en af kr. 1.881.552,- frá þ.d. til 15.06.96 en af kr. 1.954.864,- frá þ.d. til 15.07.96 en af kr. 2.004.198,- frá þ.d. til 15.08.96 en af kr. 2.053.532,- frá þ.d. til 15.09.96 en af kr. 2.113.476,- frá þ.d. til 15.10.96 en af kr. 2.170.926,- frá þ.d. til 15.11.96 en af kr. 2.228.693,- frá þ.d. til 15.12.96 en af stefnufjárhæð frá þ.d. til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða vangoldin laun og orlof að fjárhæð kr. 2.096.586,- með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 48.949,- frá 15.07.93 til 15.08.93 en af kr. 85.948,- frá þ.d. til 15.09.93 en af kr. 120.961,- frá þ.d. til 15.10.93 en af kr. 155.974,- frá þ.d. til 15.11.93 en af kr. 200.547,- frá þ.d. til 15.12.93 en af kr. 236.315,- frá þ.d. til 31.12.93 en af kr. 264.211,- frá þ.d. til 15.02.94 en af kr. 300.298,- frá þ.d. til 15.03.94 en af kr. 336.385,- frá þ.d. til 15.04.94 en af kr. 372.472,- frá þ.d. til 01.05.94 en af kr. 435.808,- frá þ.d. til 15.05.94 en af kr. 505.417,- frá þ.d. til 15.06.94 en af kr. 549.030,- frá þ.d. til 15.07.94 en af kr. 589.213,- frá þ.d. til 15.08.94 en af kr. 625.300,- frá þ.d. til 15.09.94 en af kr. 661.387 frá þ.d. til 15.10.94 en af kr. 699.522,- frá þ.d. til 15.11.94 en af kr. 745.463,- frá þ.d. til 15.12.94 en af kr. 785.646,- frá þ.d. til 31.12.94 en af kr. 844.915,- frá þ.d. til 15.02.95 en af kr. 881.812,- frá þ.d. til 15.03.95 en af kr. 917.899,- frá þ.d. til 15.04.95 en af kr. 956.033,- frá þ.d. til 01.05.95 en af kr. 1.023.313,- frá þ.d. til 15.05.95 en af kr. 1.085.761,- frá þ.d. til 15.06.95 en af kr. 1.132.247,- frá þ.d. til 15.07.95 en af kr. 1.173.730,- frá þ.d. til 15.08.95 en af kr. 1.212.981,- frá þ.d. til 15.09.95 en af kr. 1.254.231,- frá þ.d. til 15.10.95 en af kr. 1.299.946,- frá þ.d. til 15.11.95 en af kr. 1.347.893,- frá þ.d. til 15.12.95 en af kr. 1.391.608,- frá þ.d. til 31.12.95 en af kr. 1.441.019,- frá þ.d. til 15.02.96 en af kr. 1.481.282,- frá þ.d. til 15.03.96 en af kr. 1.521.545,- frá þ.d. til 15.04.96 en af kr. 1.569.686,- frá þ.d. til 01.05.96 en af kr. 1.641.743,- frá þ.d. til 15.05.96 en af kr. 1.691.055,- frá þ.d. til 15.06.96 en af kr. 1.756.905,- frá þ.d. til 15.07.96 en af kr. 1.800.765,- frá þ.d. til 15.08.96 en af kr. 1.844.626,- frá þ.d. til 15.09.96 en af kr. 1.897.944,- frá þ.d. til 15.10.96 en af kr. 1.949.028,- frá þ.d. til 15.11.96 en af kr. 2.000.379,- frá þ.d. til 15.12.96 en af stefnufjárhæð frá þ.d. til greiðsludags.

Bæði í aðalkröfu og varakröfu er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður en til vara að kröfur verði lækkaðar og í því tilfelli að málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá að hann hafi starfað hjá stefnda allt frá því að stefndi tók yfir öll veitukerfi og dreifingu rafmagns á Suðurnesjum á árinu 1985 þar til hann lét af störfum 1. nóvember 1996. Stefnandi var við sameiningu veitnanna starfsmaður stærstu veitnanna á Suðurnesjum og ábyrgðarmaður þeirra

allra ásamt öðrum starfsmanni, Jóhanni Líndal Jóhannssyni. Um var að ræða Keflavíkur-, Njarðvíkur-, Garðs-, Sandgerðis- og Vogaveitu. Við sameiningu var stefnandi ráðinn rekstrarstjóri lágspennudeildar. Vegna tíðra rafmagnsbilana hafi þótt nauðsynlegt að hafa menn til taks allan sólarhringinn, a.m.k. yfir vetrarmánuðina. Gengið hafi verið frá samkomulagi við stefnanda og Jóhann Líndal Jóhannsson, rekstrarstjóra háspennudeildar, um að sinna bakvöktum á háspennukerfi 6 mánuði á ári en greiðslum hafi átt að dreifa jafnt yfir árið. Að liðnum 6 mánuðum hafi þótt ljóst að full þörf væri á bakvöktum allt árið um kring og hafi þeim verið skipt jafnt milli stefnanda og Jóhanns Líndal Jóhannssonar. Breyting hafi hins vegar ekki verið gerð á launagreiðslum til stefnanda vegna bakvaktanna.

Stefnandi kveður að þrátt fyrir nokkuð tíðar bilanir á veitukerfinu og fjölda útkalla, sem þeim tengdust, hafi stefnandi ekki fengið greitt fyrir aukavinnu vegna útkalla á bakvöktum og hafi ekki krafist þess sérstaklega. Hann hafi hins vegar ítrekað farið fram á leiðréttingu á launagreiðslum vegna bakvaktanna en ávallt fengið þau svör að breytingar væru yfirvofandi og nýtt skipulag væntanlegt. Breytingar hafi hins vegar látið á sér standa og þann 9. desember 1993 hafi stefnandi og Jóhann Líndal Jóhannsson farið á fund Hreins Jónassonar, forstöðumanns rafmagnsdeildar, og sett fram kröfu um að laun vegna bakvakta yrðu leiðrétt aftur í tímann. Enn hafi stefnandi verið ráðlagt að draga slíkar kröfur til baka þar sem skipulagsbreytingar stæðu fyrir dyrum.

Með bréfi 8. október 1996 fór Starfsmannafélag Suðurnesjabyggða þess á leit við stefnda að stefnandi fengi greitt fyrir bakvaktir samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Stefndi hafnaði þeirri kröfu á þeirri forsendu að ekki væri um bakvaktir að ræða. Með innheimtubréfi 30. janúar 1997 var sett fram krafa af hálfu stefnanda. Þeirri kröfu var hafnað með bréfi 11. mars 1997.

Stefnandi kom fyrir dóm. Hann sagði að það hefði verið að frumkvæði Þorsteins Sigurjónssonar, forstöðumanns yfir rafmagnsdeildum, og Alberts Albertssonar yfirverkfræðings, að vöktum var komið á. Þær hefðu verið kallaðar kerfisvaktir til aðgreiningar frá öðrum bakvöktum. Hann og Jóhann Líndal Jóhannsson hefðu sinnt þessum vöktum þar sem þeir höfðu tilskilin leyfi til þess að vinna við háspennukerfið. Tíðar bilanir hefðu verið á flutningslínu í háspennukerfinu og hafi það verið ástæðan fyrir því að bakvöktum var komið á. Í fyrstu hefði verið rätt um að þessar vaktir stæðu aðeins í 6 mánuði, frá því í október 1986. Þegar sá tími var liðinn hefðu Albert og Þorsteinn mælst til þess við þá að þeir stæðu áfram þessar vaktir, því annað væri ófært vegna tíðra bilana. Þorsteinn hefði útbúið starfslýsingu fyrir kerfisvaktir og hvernig skyldi staðið að þeim. Hefðu þeir Sævar unnið eftir þessari lýsingu. Skjal þetta er dagsett 28. mars 1986 og ber yfyrskriftina: „Kerfisgæsla Hitaveitu Suðurnesja.“ Í því segir m.a.:

„Tilgangur:

Hann er sá, að ætíð sé staðsettur starfsmaður á veitusvæði Hitaveitu Suður-

nesja, sem þekkir aðveitukerfi rafmagns nægilega vel til að geta stjórnað aðgerðum, ef bilanir eða útsláttur verður í aðveitukerfinu.

Framkvæmd:

Rekstrarstjóri háspennudeildar er ábyrgur fyrir daglegum rekstri aðveitukerfis og stjórna aðgerðum í bilanatilfellum í venjulegum vinnutíma. Utan venjulegs vinnutíma tekur kerfisgæslan við. Hana skal hver maður annast eina viku í senn, nema sérstakar ástæður komi til. Skipti milli vikna skulu fara fram kl. 13.00 á hverjum föstudegi og skulu menn þá hafa samband sín á milli þannig að framhald kerfisgæslu sé tryggt. Kerfisgæslumaður, sem tekur við, skal hafa samband við Svartsengi fyrir kl. 14.00 sama dag.

Verði bilun eða útsláttur í aðveitukerfinu utan venjulegs vinnutíma skal sá sem þá annast kerfisgæslu enn stjórna aðgerðum og skulu öll samskipti fara í gegnum hann. Hann skal leita eftir ástæðu fyrir útslætti eða straumrofi, fá upplýsingar um stöðu varnarliða á þeim stöðum sem þurfa þykir og haga síðan aðgerðum í samræmi við það. Spennu skal ekki setja á hugsanlegan bilunarstað, nema fullkannað sé að línan sé óslitin og enginn hlutur fastur við hana.

Eftir umfangi bilana skal hafa samband við lögreglu, bakvaktarmenn, Svartsengi, Landsvirkjun, verktaka og aðra þá, sem þátt taka í aðgerðum. Hann skal í öllum tilfellum einn sjá um eða samþykkja að rofi sé settur inn eða sleginn út og er ábyrgur fyrir framkvæmd aðgerða.

Kvaðir:

- Kerfisgæslumaður sé tiltækur á veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja.
- Hann er ekki skyldugur til að vera tiltækur í síma, en hafi með sér VHF-handstöð stillta á tíðni HS og með réttum Squels.
- Hann sé tilbúinn að hefja aðgerðir, þegar honum er tilkynnt um rafmagnsleysi eða hann verður var við það.
- Hann skal hafa samband við Svartsengi eins oft og þurfa þykir. Sérstaklega ef álag er mikið, eða veðurútlit gefur tilefni til að vera á varðbergi.“

Í kerfisvaktinni hefði falist að annar hvor þeirra Jóhanns Línadal skyldi ávallt vera til taks á veitusvæðinu. Þá hefði Bjarni Ingvarsson, skipulags- og vinnusálfræðingur, samið starfslýsingu fyrir rekstrarstjóra háspennudeildar. Þar segir að stefnandi sé á „stanslausum bakvöktum“ á móti rekstrarstjóra háspennudeildar og að engir aðrir megi setja í gang eftir rafmagnsleysi eða slá inn háspennurofa. Stefnandi segist ekki hafa samið þetta skjal sjálfur en hins vegar hefði hann svarað ýmsum spurningum Bjarna þegar hann samdi skjalið. Undir þetta skjal hefði síðan Júlíus Jónsson forstjóri stefnda skrifað ásamt stefnanda.

Þeir Jóhann Línadal hefðu útbúið vaktatöflu fyrir árið þar sem gefnir hefðu verið upp heimasími og farsími. Þessum vaktatöflum hefðu þeir komið til lögreglu, Landsvirkjunar og til starfsmanna Svartsengis. Stefnandi segir að hann hafi allaf staðið í þeirri trú að greitt yrði samkvæmt kjarasamningi. Þegar bið

hefði orðið á því hefðu þeir Jóhann Líndal farið að impra á því við sína yfirmenn, en jafnan fengið þau svör að skipulagsbreyting stæði fyrir dyrum. Júlíus Jónsson hefði hins vegar talið að þeir væru ekki á bakvöktum og ættu ekki rétt á meira kaupi. Stefnandi segir að hann hefði ekki viljað vera með uppistand enda á tímabili með þokkaleg laun og að öðru leyti ánægður í starfi. Það hefði svo verið í október 1995, sem hann hefði fengið launatöflu hjá gjaldkera og komist að raun um að hann fékk aðeins 40% af venjulegum bakvaktageiðslum. Honum hefði sárnað að sjá að hann var ekki hálfdrættingur á við aðra sem gengu bakvaktir. Í framhaldi af þessu hefði hann leitað til stéttarfélagsins.

II.

Í málavaxtalýsingu stefnda segir m.a.: „Þegar stefndi yfirtók rekstur sex rafveitna á Suðurnesjum ásamt því að kaupa allar eignir RARIK á svæðinu þá var lögð rík áhersla á það af hálfu sveitarstjórnar, eigenda rafveitnanna á svæðinu, að allir fastráðnir starfsmenn rafveitnanna ættu rétt á starfi hjá stefnda eftir sameininguna og á sambærilegum kjörum og þeir höfðu haft. Þetta leiddi til talsverðra erfiðleika þar sem sníða þurfti skipulag rafmagnsdeildar og að hluta til skrifstofu stefnda að þörfum þeirra starfsmanna sem áttu rétt á vinnu, frekar en að þeim verkefnum sem þurfti að vinna hjá stefnda. Stefnandi máls þessa og Jóhann Líndal Jóhannsson höfðu báðir starfað sem rafveitustjórar hvor í sínu byggðarlagi með ábyrgð á nærliggjandi sveitarfélögum. Tekin var sú ákvörðun, til að ná fram ofangreindum markmiðum að laga skipulag rafmagnsdeildar að öllum þeim starfsmönnum sem taka varð við, að skipta rafmagnsdeildinni í tvennt, þ.e. í háspennu- og lágspennudeild. Stefnandi var ráðinn rekstrarstjóri lágspennudeildar og fyrrgreindur Jóhann rekstrarstjóri háspennudeildar.

Við yfirtökuna var eins og áður segir rík áhersla lögð á það að starfsmenn héldu eftir breytinguna sambærilegum launakjörum og verið hafði. Þar sem röðun í launaflokka þurfti að vera sem frekast var kostur innan þess ramma er kjarasamningur við Starfsmannafélag Suðurnesjabyggða kvað á um komu upp nokkur vandkvæði í þessari samræmisvinnu. Til að brúa það bil sem var á milli þess launaflokks sem stefnandi var settur í og þeirra launa sem hann hafði notið áður sem rafveitustjóri var því samið um aukagreiðslur honum til handa. Greiðslur þessar voru í formi afnota af bifreið, 50 stunda fastrar yfirvinnu á mánuði auk greiðslna fyrir svokallaða kerfisgæslu. Með þessu náðist fram markmið um „sambærileg“ kjör. Um annað var ekki samið og markmiðið var þetta eitt. Hugtakið „kerfisgæsla“ var þannig í raun „fundið upp“ í tengslum við þessa vinnu til að ná þessu markmiði, enda hugtakið ekki til í gildandi kjarasamningum þeim er giltu um kjör starfsmannsins.

Þetta undirstrikar enn frekar aðalatriði þessa máls, sem er, að ekki var ætlast til þess að stefnandi sinnti „kerfisgæslu“ (eða stæði „kerfisvaktir“) umfram aðra

yfirmenn stefnda og engar kröfur voru gerðar af hálfu stefnda í þá veru enda þá í raun algjörlega óskilgreint í hverju sú gæsla væri þá efnislega fólgin.

Bakvaktir hafa á hinn bóginn, eðli málsins samkvæmt, ætíð verið við lýði hjá stefnda allt frá því að hann yfirtók rekstur rafveitnanna bæði í rafmagns- og vatnsdeild en þær bakvaktir sem voru unnar af öðru starfsfólki stefnda en stefnanda, voru nákvæmlega skilgreindar og áttu sér jafnframt stóð í kjarasamningum og greitt fyrir þær samkvæmt þeim. Það stóð aldrei til að hafa tvöfalt bakvaktakerfi enda slíkt algjörlega óþarft og þekkist ekki í sams konar rekstri. Þannig er því alfarið mótmælt að gert hafi verið eitthvert sérstakt samkomulag við stefnanda um að hann væri ráðinn til að sinna bakvöktum eins og byggt er á að hálfu stefnanda.

Stefndi heldur því fram að skjal það sem stefnandi segir samið af Bjarna Ingvarssyni sé í raun samið af stefnanda sjálfum. Hafi það verið gert til þess að fá hækkað starfsmat hjá launaneftnd sveitarfélaga. Tillögur Þorsteins Sigurjónssonar um kerfisvaktir hafi ekki heldur þýðingu. Tillögur hafi aldrei verið formlega samþykktar af forsvarsmönnum stefnda.

Júlíus Jónsson byrjaði að vinna hjá stefnda 1982 sem fjármála- og skrifstofustjóri. Frá 1992 hefur hann gegnt starfi forstjóra. Á sínum tíma sá hann um starfsmannahald og samninga í því sambandi. Júlíus kom fyrir dóm og sagði að stefnandi hefði verið vel launaður í fyrra starfi og því verið erfitt að fella starfskjör hans inn í launaramma stefnda. Búið hafi verið að hækka óunna yfirvinnu úr 35 tímum á mánuði í 50 tíma á mánuði og bílastyrk úr 1200 km í 1500 km á mánuði. Því hefði hinum svokölluðu kerfisvöktum verið komið á í því augnamiði að gera stefnanda eins settan launalega og er hann gegndi fyrra starfi. Stefnandi hefði verið yfirmaður hjá fyrirtækinu og þegið fasta óunna yfirvinnu. Aðrir yfirmenn stefnda fengu einnig slíkar greiðslur en væru ekki á bakvöktum. Þeir sinntu þó útköllum ef svo bar undir. Taldi Júlíus að það fælist í starfsskyldum stefnanda sem yfirmanns að sinna útköllum enda hefði hann fengið 50 tíma í yfirvinnu á mánuði.

III.

Vitnið Gunnlaugur Óskarsson hefur verið verkstjóri í rafmagnsdeild frá 1985. Hann hefur verið á bakvöktum frá þeim tíma. Hann sagðist hafa leitað til stefnanda eða Jóhanns Línal Jóhannssonar ef bilun varð á háspennukerfi. Það hefði þó ekki verið regla, en hann litið svo á að stefnanda og Jóhanni Línal væri skylt að sinna þessum vöktum. Þeir hefðu ávallt komið ef þess hefði verið óskað og náðst hefði í þá.

Þorsteinn Sigurjónsson starfaði hjá stefnda á árunum 1985-1987. Hann kvaðst hafa samið tillögur að kerfisvöktun. Það hefði verið talið nauðsynlegt að sérstakar vaktir væru í háspennukerfinu. Stefnandi og Jóhann Línal hefðu farið

eftir þessum tillögum í öllum aðalatriðum. Fyrst hefði verið talað um að kerfisvaktir stæðu aðeins yfir veturinn en vegna tíðra bilana hefði verið ákveðið að þær yrðu allt árið. Þessar tillögur hefðu aldrei verið samþykktar formlega af hálfu stefnda en tilefnið hefði verið að stefnandi og Jóhann Líndal hefðu viljað fá leiðbeiningar um hvernig vaktirnar skyldu vera. Þess vegna hefðu þessar tillögur verið samdar. Þorsteinn sagði að hann hefði ekki haft heimild til þess að semja um greiðslur fyrir bakvaktir og þess vegna hefði það verið lítið rætt.

Hreinn Jónasson er forstöðumaður rafmagnsdeildar og næsti yfirmaður stefnanda og Jóhanns Líndal. Hreinn sagði að þeir hefðu komið á hans fund í desember 1993 með bréf þar sem þess var farið á leit við hann að hann hlutaðist til um að laun þeirra vegna bakvakta yrðu leiðrétt og reiknuð aftur í tímann. Hann sagðist hafa ráðlagt þeim að draga bréfið til baka vegna þess að skipulagsbreytingar stæðu fyrir dyrum hjá stefnda í þessum málum og hefðu þeir gert það. Hreinn sagði að hann hefði alltaf litið svo á að þeim bæri að sinna þessum vöktum og vera til staðar.

Albert Albertsson var yfirverkfræðingur stefnda en aðstoðarforstjóri frá 1992. Hann sagðist aldrei hafa haft launamál fyrirtækisins á sinni könnu. Bjarni Jónsson hefur verið vélstjóri hjá stefnda frá 1979. Hann sagði að hann hefði haft lista yfir kerfisvaktir og hringt í stefnanda eða Jóhann Líndal Jóhannsson ef bilanir hefðu orðið í háspennukerfi. Sigurður Óli Kolbeinsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, kom fyrir dóm. Hann sagði það venju að miða við 5. þrep í kjarasamningi þegar greiða ætti laun fyrir bakvaktir.

IV.

Stefnandi byggir kröfur sínar á kjarasamningi Starfsmannafélags Suðurnesja byggða og launanefndar sveitarfélaga. Samkvæmt ákvæði 2.5.1 í kjarasamningi sé með bakvakt átt við að starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli. Strax í upphafi hafi bakvaktir stefnanda verið skilgreindar og þær kallaðar „kerfisgæsla“. Þorsteinn Sigurjónsson, þáverandi forstöðumaður rafmagnsdeildar, hafi lýst tilgangi kerfisgæslunnar og framkvæmd og eftir tillögum hans hafi verið unnið. Þá hafi Júlíus Jónsson, þáverandi fjármálastjóri stefnda, undirritað lýsingu á starfi stefnda þar sem segir að stefnandi sé á stöðugum bakvöktum. Bakvaktatöflur hafi verið afhentar hlutaðeiganda. Stefnandi telur að engu máli skipti hvort vaktir séu kallaðar bakvaktir eða kerfisvaktir. Stefnandi sé félagi í Starfsmannafélagi Suðurnesjabyggða og eigi rétt til launa samkvæmt kjarasamningi starfsmannafélags og launanefndar sveitarfélaga. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl. séu samningar einstakra launamanna og atvinnurekanda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða ógildir.

Af gögnum málsins megi sjá að greiðslur til stefnanda vegna svokallaðra

kerfisvakta hafi numið 40% af greiðslum vegna þeirra vakta sem skilgreindar hafi verið sem bakvaktir af hálfu stefnda. Greiðslur stefnda til stefnanda vegna bakvakta hafi numið á tímabilinu frá júlí 1993 til og með október 1996 1.476.772 krónum. Mælt sé fyrir um greiðslur fyrir bakvaktir í kafla 1.6 í kjarasamningi Starfsmannafélags Suðurnesjabyggða og launaneðndar sveitarfélaga. Af orðalagi greinar 1.6.1 í kjarasamningnum og tilvísun þar til greinar 1.4.1 megi ráða að bakvaktaálag beri að greiða miðað við þann launaflokk og það launaprep sem stefnandi var í á hverjum tíma, enda hafi stefnandi verið í hærra launaprepi en 5. þrepi á þeim tíma sem krafa stefnanda taki til. Stefnuþjárhæð sé mismunur þeirra greiðslna sem stefnanda bar að fá skv. gildandi kjarasamningi á ofangreindum tímabilum og þeirra greiðslna sem hann fékk í reynd frá stefnda. Stefnandi segir aðalkröfuna vera reiknaða út frá 7. launaprepi þess launaflokks sem stefnandi tók laun eftir en varakrafan sé miðuð við 5. launaprep sama launaflokks.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi aldrei sinnt bakvöktum. Stefnandi hafi sinnt svokallaðri „kerfisgæslu“ og þegið fyrir það laun samkvæmt samkomulagi og auk þess fengið greiðslur fyrir fasta yfirvinnu. Um annað var ekki samið. Til þess að gera stefnanda eins settan eftir sameiningu veitnanna hafi verið útbúinn launaliður sem kallaður var „kerfisgæsla“. Ekki hafi verið unnt að hækka eftirvinnukaup stefnanda frekar vegna samanburðar við aðra starfsmenn. Í þessu ljósi beri að skýra hinar svokölluðu kerfisvaktir. Það sé ljóst að í þeirri starfsemi sem stefndi rekur, þ.e. rekstur rafveitna og veitukerfa, geti starfsmenn þurft að mæta í vinnu, sérstaklega yfirmenn, á hvaða tíma sólarhrings sem er og er þá litið til þess að þeir fái greidda fasta yfirvinnu. Stefnandi hafi sjálfur skipt árinu niður í kerfisgæslu (vaktir) fyrir sig og Jóhann Líndal Jóhannsson, rekstrarstjóra háspennudeildar, til þess að annar hvor þeirra, einir yfirmanna, þyrftu ekki að mæta í útköll kæmu upp bilanir. Með því móti hefði annar þeirra getað verið í fríi. Bakvaktir í skilningi kjarasamnings Starfsmannafélags Suðurnesjabyggða og launaneðndar sveitarfélaga hafi ætíð verið til staðar bæði í rafmagns- og vatnsdeild stefnda. Þessum vöktum hafi stefnandi hins vegar aldrei sinnt enda ekki eftir því leitað. Með aukinni tækni hafi búnaður rafveitna orðið flóknari. Hafi þá verið ráðinn rafmagnstæknifræðingur á árinu 1992 til stefnda, sem hafi leitt til breytinga á starfi stefnanda í þá veru að ekki var eins mikilvægt að til hans næðist þegar bilanir áttu sér stað. Stefndi telur að lýsing á störfum stefnanda og rekstrarstjóra háspennudeildar frá 4. nóvember 1987 hafi verið samin af þeim sjálfum.

Stefndi byggir jafnframt sýknukröfu sína á tómlæti. Samkomulag hafi verið gert á milli aðila á árunum 1984-1985 um launakjör stefnanda. Stefnandi geri hins vegar engar athugasemdir við forsvarsmenn stefnda fyrr en með bréfi formanns Starfsmannafélags Suðurnesjabyggða dags. 8. október 1996. Því bréfi hafi verið svarað þann 21. október s.á. af forstjóra stefnda. Það næsta sem gerist sé

að stefndi fékk kröfubréf frá lögmanni stefnanda. Tilkynningum eða formlegum kvörtunum stefnanda vegna launakjara sinna fyrir ofangreindan tíma sé því mótmælt sem ósönnuðum. Engar athugasemdir hafi þannig verið gerðar vegna hinnar svokölluðu kerfisgæslu sem stefnandi kjósi nú að kalla bakvaktir, fvr en 11 árum og 6 mánuðum eftir að kjör stefnanda voru ákveðin og greiðslur hafnar í samræmi við þau. Hér sé um stórkostlegt tómlæti að ræða hjá stefnanda við gæslu á meintum rétti sínum, sem leiði til sýknu að mati stefnda.

Varakröfu sína byggir stefndi á því að ekki hafi verið tekið tillit til þess að stefnandi fékk 50 tíma á mánuði í eftirvinnu. Þessum greiðslum hafi verið ætlað að mæta hugsanlegum útköllum yfirmanna. Varakrafan er einnig byggð á því að í aðalkröfu hafi stefnandi byggt útreikninga sína á 7. launaprepi 64. launaflokks. Það sé óheimilt samkvæmt kjarasamningi, gr. 1.4.1.

V.

Með bakvöktum er átt við að starfsmaður sé ekki við störf en tiltækur á svæðinu og viðbúinn að sinna útkalli gerist þess þörf. Í máli þessu deila aðilar m.a. um hvort hinar svokölluðu kerfisvaktir falli undir ofangreinda skilgreiningu.

Telja verður að það hafi verið upplýst nokkuð vel fyrir dómi hvernig atvikum var háttað. Tíðar bilanir voru á háspennukerfi stefnda fyrstu árin. Stefnandi og Jóhann Líndal Jóhannsson, rekstrarstjóri háspennudeildar, voru með sérstök háspennuréttindi. Þeir sinntu útköllum þegar bilanir urðu í háspennukerfi. Í upphafi var ákveðið að þeir væru á vakt í 6 mánuði en vegna tíðra bilana ákváðu yfirmenn stefnanda að vaktirnar stæðu allt árið. Í mars 1986 gerði yfirmaður rafmagnsdeildar lýsingu á hinni svokölluðu kerfisvakt. Kom fram hjá honum að fyrirmyndina hafði hann frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur þar sem kerfisvaktir voru og eru við lýði. Segir í lýsingunni að starfsmaður skuli ætíð vera viðstaddur á veitusvæði Hituveitu Suðurnesja. Rakið er ítarlega hvernig að kerfisvöktum skyldi staðið og hvernig vaktaskipti færu fram. Þá eru reifaðar ýmsar kvaðir sem hvíldu á stefnanda, m.a. að vera ávallt tiltækur á veitusvæðinu.

Fram hefur komið í málinu að kerfisvöktum var sinnt í öllum megindráttum eftir ofangreindri lýsingu. Hefur það komið fram í vitnaframburði svo og skriflegum gögnum. Virðist það hafa verið almennur skilningur starfsmanna stefnda að stefnanda og Jóhanni Líndal Jóhannssyni hafi verið skylt að sinna kerfisvöktum og þeir hafi verið tiltækir þegar til þeirra var leitað. Þá hefur komið fram í málinu að vaktatöflum var komið til lögreglu, orkuversins í Svartsengi, til Landsvirkjunar og fleiri staða. Samkvæmt framansögðu þykir nægilega fram komið að vakt sú sem stefnandi stóð var í engu frábrugðin venjulegri bakvakt.

Stefndi heldur því fram að sérstaklega hafi verið samið um að kerfisvaktir væru einungis kaupauki fyrir stefnanda og til þess ætlaðar að gera hann eins settan og í fyrra starfi. Stefnanda hafi hins vegar verið skylt að sinna útköllum

eins og öðrum yfirmönnum stefnda. Til þess að mæta slíkum þörfum hafi stefnandi haft 50 yfirvinnutíma á mánuði sem honum hafi ekki borið að vinna.

Eins og hér háttar þykir stefndi eiga sönnunarbyrðina fyrir ofangreindum staðhæfingum. Gegn andmælum stefnanda þykir ósannað að samið hafi verið um að kerfisvaktir væru einungis launauppbót. Þá þykir einnig ósannað að óunnin yfirvinna hafi átt að koma í staðinn fyrir bakvaktageiðslur. Í því sambandi þykir rétt að líta til þess að aðrir yfirmenn stefnda voru ekki skyldaðir til þess að vera til staðar á veitusvæðinu eins og stefnandi. Þeir sinntu aðeins útköllum ef til þeirra náðist. Verður því talið að umræddar vaktir hafi verið bakvaktir í skilningi gr. 2.5 í kjarasamningi Starfsmannafélags Suðurnesjabyggða og launaneftdar sveitarfélaga.

Koma þá til álita tómlætissjónarmið. Fyrir liggur að stefnandi sinnti bakvöktum um langt árabil án þess að gera formlega kröfu um réttar greiðslur. Oft kann það að vera erfiðleikum bundið fyrir launþega að setja fram launakröfu, jafnvel þó að hún eigi sér stoð í kjarasamningi. Viðsemjandinn kann þá að bregðast við með skipulagsbreytingu og breyttu vinnufyrirkomulagi, þannig að launþeginn beri minna úr býtum þegar upp er staðið. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru samningar einstakra launamanna og atvinnuveitenda ógildir ef samið er um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða. Tómlætisverkanir þykja því ekki koma til álita á því tímabili sem krafa stefnanda tekur til.

Af öllu framsögðu verður talið að stefnandi hafi gegnt bakvöktum hjá stefnda og eigi rétt til greiðslu fyrir þær. Ekki verður fallist á með stefnda að draga eigi yfirvinnu frá bakvaktageiðslum. Þykir um tvö óskyld atriði að ræða.

Aðilar deila um við hvaða launaþrep skuli miða þegar greiðslur fyrir bakvaktir eru reiknaðar út. Í kjarasamningi aðila segir í 1.6.1 gr. að vaktaálag fyrir hverja klst. skuli vera 33,33% af dagvinnukaupi í 64. launaflokki, 5. þrepi eða í þeim launaflokki, sem viðkomandi starfsmanni er raðað í, sé hann hærri. Af hálfu stefnda er því haldið fram að skýra verði þetta ákvæði þröngt, þannig að vaktaálag verði aldrei miðað við hærri þrep en 5. þrep enda þó að starfsmaðurinn þiggi laun í 7. þrepi síns launaflokks eins og er í tilviki stefnanda.

Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að skýra þetta ákvæði þannig, að þeir sem njóta hærri launa eigi rétt á því að hlutfallslegar álagsgreiðslur séu reiknaðar af þeim launum sem þeir þigga en ekki af lægri launum. Talið verður að ákvæðinu hafi verið ætlað að kveða á um ákvæðið lágmark en ekki mismuna að öðru leyti. Þetta á sér nokkra stoð í 1.41 gr. kjarasamnings aðila en þar segir að tíma-vinnukaup í dagvinnu í hverjum launaflokki sé 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 5. launaþrep eða í því launaþrepi sem viðkomandi starfsmanni er raðað í sé það herra.

Aðalkrafa stefnanda miðast við 7. þrep launaflokks stefnanda. Verður hún

tekin til greina að öllu leyti. Eftir þessa niðurstöðu verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Hitaveita Suðurnesja, greiði stefnanda, Sævari Sörenssyni, kr. 2.344.604,- með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 54.035,- frá 15.07.93 til 15.08.93 en af kr. 96.120,- frá þ.d. til 15.09.93 en af kr. 135.941,- frá þ.d. til 15.10.93 en af kr. 175.762,- frá þ.d. til 15.11.93 en af kr. 226.433,- frá þ.d. til 15.12.93 en af kr. 267.565,- frá þ.d. til 31.12.93 en af kr. 301.451,- frá þ.d. til 15.02.94 en af kr. 342.498,- frá þ.d. til 15.03.94 en af kr. 383.545,- frá þ.d. til 15.04.94 en af kr. 424.592,- frá þ.d. til 01.05.94 en af kr. 490.017,- frá þ.d. til 15.05.94 en af kr. 567.147,- frá þ.d. til 15.06.94 en af kr. 616.816,- frá þ.d. til 15.07.94 en af kr. 662.533,- frá þ.d. til 15.08.94 en af kr. 703.580,- frá þ.d. til 15.09.94 en af kr. 744.627,- frá þ.d. til 15.10.94 en af kr. 788.009,- frá þ.d. til 15.11.94 en af kr. 840.242,- frá þ.d. til 15.12.94 en af kr. 885.959,- frá þ.d. til 31.12.94 en af kr. 951.495,- frá þ.d. til 15.02.95 en af kr. 993.352,- frá þ.d. til 15.03.95 en af kr. 1.034.399,- frá þ.d. til 15.04.95 en af kr. 1.056.109,- frá þ.d. til 01.05.95 en af kr. 1.131.855,- frá þ.d. til 15.05.95 en af kr. 1.202.089,- frá þ.d. til 15.06.95 en af kr. 1.254.655,- frá þ.d. til 15.07.95 en af kr. 1.301.405,- frá þ.d. til 15.08.95 en af kr. 1.345.635,- frá þ.d. til 15.09.95 en af kr. 1.392.100,- frá þ.d. til 15.10.95 en af kr. 1.443.606,- frá þ.d. til 15.11.95 en af kr. 1.497.632,- frá þ.d. til 15.12.95 en af kr. 1.546.902,- frá þ.d. til 31.12.95 en af kr. 1.602.552,- frá þ.d. til 15.02.96 en af kr. 1.647.794,- frá þ.d. til 15.03.96 en af kr. 1.693.036,- frá þ.d. til 15.04.96 en af kr. 1.747.493,- frá þ.d. til 01.05.96 en af kr. 1.825.874,- frá þ.d. til 15.05.96 en af kr. 1.881.552,- frá þ.d. til 15.06.96 en af kr. 1.954.864,- frá þ.d. til 15.07.96 en af kr. 2.004.198,- frá þ.d. til 15.08.96 en af kr. 2.053.532,- frá þ.d. til 15.09.96 en af kr. 2.113.476,- frá þ.d. til 15.10.96 en af kr. 2.170.926,- frá þ.d. til 15.11.96 en af kr. 2.228.693,- frá þ.d. til 15.12.96 en af stefnufjárhæð frá þ.d. til greiðsludags og 350.000 krónur í málskostnað.